

Borgarbyggð
b/t Sigurður Friðgeir Friðriksson
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 1. júlí 2019
UST201906-309/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Ísgöng í Geitlandi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 26. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi á þjónustusvæði fyrir ferðamenn á Geitlandi. Geitland er friðland og var friðlýst árið 1988. Svæðið einkennist af víðáttumiklu hraun- og sandflæmi sem á upptök sín í gígaþyrpingu í rótum Langjökuls. Landið er víða vel gróið. Þar hafa fundist stórir hellar.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felur í sér að byggingarreiturinn er færður 25 m til vesturs og 8 m til norðurs. Ekki verða gerðar breytingar á skilmálum á svæðinu. Samhliða breytingunni verða núverandi hús sem byggð hafa verið frá því að skipulagið tók gildi, færð inn á skipulagið.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur